

**11** Um síðara kröfuatriðið, framfærsluskylduna eftir 1. jan. 1936, hefir gengið dómur  
14. júní í Hæstarétti 7. marz þ. á. í hliðstæðu máli, þar sem staðfestur er héraðsdómur í málinu Sigurður Ólason f. h. ríkisspítalanna gegn Seyðisfjarðarkaupstað.

Í forsendum héraðsdómsins segir svo:

„Í 12. gr. hinna nýju framfærslulaga er svo ákveðið, að sérhver íslenskur ríkisborgari, eldri en 16 ára, eigi framfærslurétt í heimilissveit sinni, þ. e. þar sem hann hafi fast aðsetur og greiði almenn gjöld. Í 13. gr. sömu laga er svo ákveðið, að meðan menn dvelji í skóla, sjúkrahúsi, heilsubæli o. s. frv. eigi þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er var lögheimili þeirra, þ. e. heimilissveit, þegar dvölin á þessum stofnunum hófst. Í 79. gr. laganna segir loks, að um alla þá, sem séu á sveitarframfæri við gildistöku laganna, komi ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.

Í máli þessu verður að telja upplýst, að Hafnarfjörður hafi verið heimilissveit hinnar látnu þegar dvöl hennar á hælina hófst og hafi því verið það í merkingu framfærslulaganna þangað til hún andaðist og þar eð enginn fyrirvari er gerður um sjúklinga í 79. gr. framfærslulaganna, sem áður er rakin, verður rétturinn að líta svo á, að stefndur hafi losnað við framfærsluskyldu gagnvart Auði sál. við gildistöku þeirra, eða frá 1. janúar 1936 og á greifrunarkostnaði hennar hefir stefndur eigi tekið sérstaka ábyrgð.

Verða málalok því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda.“

Nú er það upplýst í máli þessu, að framangreindir styrkþegar áttu heimilissveit í Reykjavík þegar dvöl þeirra í Elliheimilinu hófst og ber því samkvæmt téðum hæstaréttardómi að skylda bæjarsjóð Reykjavíkur til þess að standa straum af framfærslu þeirra frá 1. janúar 1936.

Því úrskurðast:

Reykjavíkurkaupstaður skal vera sýkn af kröfu Ísafjarðarkaupstaðar um greiðslu  $\frac{1}{3}$  hluta af framfærslukostnaði Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur í Elliheimilinu Grund árið 1935, en hinsvegar ber Reykjavíkurkaupstað, sem heimilissveit styrkþeganna, að annast framfæri þeirra að öllu leyti frá 1. janúar 1936.

Þetta tilkynnist yður, herra borgarstjóri, hér með til leiðbeiningar.

**12** **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**  
22. júní **Húnavatnssýslu, um skiptingu Kirkjuhvammshrepps í tvö sveitarfélög.**

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Kirkjuhvammshrepps og meðmælum sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, um skiptingu Kirkjuhvammshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927 skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu skal skipt í tvö sveitarfélög, er nefnast Kirkjuhvammshreppur og Hvammstangahreppur. Hvammstangahreppur nær yfir kauptúnið Hvammstanga og skulu takmörkin vera þessi:

Að sunnan eru takmörkin þau sömu og þess svæðis, sem reisa má á verzlunarhús á Hvammstanga, þó þannig, að austan þjóðvegans verða hreppatak-  
mörkin á norðurlandamerkjum býlisins Snæland, þannig að það fylgi Kirkjuhvammshreppi. Að austan takmörk verzlunarlóðarinnar norður að Ytri-Hvammssá, þaðan markar sýsluvegurinn hreppamótin út að landamerkjum Kirkjuhvamms og Kothvamms, þaðan skipti sú landamerkjalinna hreppunum að austurtakmörkum félagsgirðingar þeirrar, er tilheyrir býlunum Laufási og

Lyngholti og fleirum. Síðan skipti austurhlið nefndrar félagsgirðingar hreppunum og frá norðausturhorni lands þess, er tilheyrir Lyngholti, skal Hvammstangahreppur takmarkast af línu, er dregin sé beina leið þaðan í suðausturhorn leigulands Bjarna Gíslasonar og þaðan á austurtakmörkum leigulanda Árna Sigurðssonar og Guðmundar Þorsteinssonar í Lundi norður að Grafarlandi, en Grafaland takmarki Hvammstangahrepp að norðan.

2. Eignum og skuldum Kirkjuhvammshrepps skal skipt þannig: Að hálfu leyti eftir niðurjöfnuðum útsvörum síðastliðin 5 ár og að hálfu leyti eftir mannfjölda á sama tíma, innan þeirra takmarka, sem væntanlegum hreppum eru ákveðin.

Vísitala þessarar skiptingar er 46% fyrir Kirkjuhvammshrepp og 54% fyrir Hvammstangahrepp.

Öllum eignum Kirkjuhvammshrepps öðrum en sérstökum sjóðum skal því skipta þannig: að í hluta Hvammstangahrepps komi 54% og í hluta Kirkjuhvammshrepps 46%. Öllum skuldum skal skipta milli hreppanna eftir sama hlutfalli og eignum.

3. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Kirkjuhvammshrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig

Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.

Sá hreppanna, sem ekki hefir greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína af sameiginlegum framleiðslukostnaði, skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum framfærslukostnaði, sem er fyrir Kirkjuhvammshrepp 46% og fyrir Hvammstangahrepp 54%. Framlög hreppanna til elli- og örorkutrygginga móti framlagi annarsstaðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði viðkomandi hreppa vegna kostnaðar við framfærslu sameiginlegra styrkþega.

4. Um skiptingu sjóða fer sem hér segir:
  - a. Hvammstangasjóður verði séreign Hvammstangahrepps.
  - b. Samúels-gjafsjóður verði óskipt eign Kirkjuhvammshrepps.
  - c. Verðlaunasjóður Ketils Bergssonar og fræðslusjóður Kirkjuhvammshrepps og arfleiðslugjöf Jóns J. Leví verði í sameign hinna nýju hreppa.
  - d. Ellitryggingarsjóður Kirkjuhvammshrepps skiptist milli hreppanna eftir hlutfallslegri tölu gjaldenda til hans s.l. 5 ár.
  - e. Fjallskilaskýldur Kirkjuhvammshrepps skiptist hlutfallslega eftir framtöldum fjallskilaskýldum fénaði s.l. 5 ár.
5. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign hins nýja Kirkjuhvammshrepps, en hreppsnefnd Hvammstangahrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast.
6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í Kirkjuhvammshreppi, en 3 í Hvammstangahreppi.
7. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. júlí þ. á. og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Kirkjuhvammshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.